



# Ársskýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2020



Stjórnarráð Íslands  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



### Ársskýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4 – 101 Reykjavík  
Sími: 545 9700 | [anr@anr.is](mailto:anr@anr.is)

Júní 2021

Ábyrgðarmaður: Kristján Þór Júlíusson  
Umsjón: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2021 – Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp ráðherra</b>	<b>4</b>
<b>15 aðgerðir til að mæta áhrifum COVID-19 heimsfaraldurs á landbúnað og sjávarútveg 2020</b>	<b>6</b>
<b>Samantekt um starfsemi ráðuneytis</b>	<b>8</b>
Tölfræði um starfsemi ráðuneytisins 2020	9
Rekstrargjöld og fjárfestingar 2020	13
<b>Málefnasvið</b>	<b>15</b>
<b>Málaflokkar</b>	<b>19</b>
Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna	20
<b>Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn</b>	<b>29</b>
<b>Fréttaannáll 2020</b>	<b>31</b>





## Ávarp ráðherra

COVID-19 faraldurinn hafði á árinu 2020 afdrifarík áhrif á matvælaframleiðslu um allan heim. Íslensks matvælaframleiðsla er þar engin undantekning. Með komu færri ferðamanna til landsins varð tilheyrandi samdráttur í eftirspurn eftir íslenskum landbúnaðarvörum. Á sama tíma varð mikill samdráttur í eftirspurn eftir ferskum sjávarafurðum með tilheyrandi áhrifum á íslenskan sjávarútveg og fiskeldi. Þegar að lítið er yfir farinn veg stendur upp úr að íslensk matvælaframleiðsla sýndi styrkleika sína við þessar aðstæður. Bæði sveigjanleika og útsjónarsemi þegar að heimsmyndin breyttist, að því er virtist, á augabragði.

Skjót viðbrögð stjórnvalda til að liðka fyrir skiptu einnig sköpum við þessar aðstæður, en ráðuneytið kynnti strax í mars 2020 15 aðgerðir á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs til að bregðast við áhrifum COVID-19 veirunnar á þessar greinar. Markmið aðgerðanna var að lágmarka neikvæð áhrif á íslenskan landbúnað og sjávarútveg til skemmri og lengri tíma, en um leið skapa öfluga viðspyrnu þegar þetta tímabundna ástand var gengið yfir. Þar á meðal voru aðgerðir sem miðuðu að því að efla íslenska garðyrkju og auka þjónustu til bænda vegna COVID-19. Fallið var frá hækkun gjaldskrár Matvælastofnunar og hækkaði hún hvorki á árinu 2020 né árinu 2021.

Þá var komið til móts við grásleppusjómenn sem lentu í sóttkví eða einangrun. Einnig var aukið fjármag sett í hafrannsóknir, svigrúm til að flytja aflaheimildir milli fiskveiðiára var aukið og afgreiðslu rekstrarleyfa í fiskeldi var flýtt.

Stærsta aðgerðin var sú að stofna Matvælasjóð. Sjóðurinn fékk 500 milljónir aukalega á síðasta ári og 250 aukalega á þessu ári. Hlutverk hans er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi. Við fyrstu úthlutun styrkti sjóðurinn verkefni vítt og breitt um landið, enda lagði ég þunga áherslu á þegar sjóðnum var komið á fót að hann myndi styrkja verkefni um allt land og að stuðningur við matvælaframleiðslu sé sem næst uppruna hennar. Verklagið er enn í þróun en ég er sannfærður um að sjóðurinn, með áherslu á nýsköpun, sjálfbærni, gæði, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu, er mikið framfaraskref fyrir íslenskan landbúnað og sjávarútveg.

Þrátt fyrir þessar fordæmalaus aðstæður þá voru tekin stór skref til að efla matvælalandið Ísland. Við vitum að eftirspurn eftir matvælum á heimsvísu mun aukast og taka breytingum, því mannfólkinu

fjölgar, neyslumynstur breytist og auðlindir jarðar eru takmarkaðar. Loftslagsmál munu ekki síst spila þar inn í. Undirstaða heilbrigðis og velferðar er tryggur aðgangur að matvælum. Verkefni þjóða er því að tryggja fæðuöryggi allra íbúa. Öll virðiskeðja matvæla skiptir máli, allt frá framleiðsluáðferðum til ánægju neytenda. Það skiptir máli hvernig matvæli eru framleidd, þeim dreift, þau keypt og þeirra neytt, en jafnframt að þau séu örugg og að nýting við framleiðslu og neyslu sé sem best. Með það fyrir augum kynntum við Matvælastefna fyrir Ísland. Henni er ætlað að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku stjórnvalda og framleiðenda til að stuðla að aukinni verðmætasköpun í matvælaframleiðslu hér á landi, tryggja matvælaöryggi og auka velferð fólks í sátt við umhverfi og náttúru.

Við höfum einnig einbeitt okkur að því að einfalda stjórnsýslu og regluverk í þágu almennings og atvinnulífs, með það fyrir augum að gera hana skilvirkari og réttlátari. Við stigum fast inn í þegar riðuveiki greindist í Skagafirði en í kjölfar þess verður einnig unnið að því að einfalda og bæta stjórnsýslu þegar upp koma slíkar aðstæður.

Með samtakamætti okkar höfum við aðalagað okkur að breyttum aðstæðum, sótt fram. Við getum nú, í kjölfar þess að dregið er

verulega úr höftum á samkomur og með því að bjóða bólusetta ferðamenn aftur velkomna til landsins, vonandi farið að uppskera enn betur en áður. Við höldum áfram að bæta hag neytenda, bæta umhverfi íslenskrar matvælaframleiðslu og einbeitum okkur að því að auka virði afurðanna. Til lengri tíma megum við ekki gleyma því að aðstæður sem þessar fela líka í sér tækifæri. Tækifæri til að hugsa hlutina upp á nýtt. Tækifæri til að velta fyrir sér stöðu og framtíð íslenskrar matvælaframleiðslu.



Kristján Þór Júlíusson  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

---

**15 aðgerðir til að mæta áhrifum COVID-19  
heimsfaraldurs á landbúnað og sjávarútveg 2020**

---

## 15 aðgerðir til að mæta áhrifum COVID-19 heimsfaraldurs á landbúnað og sjávarútveg 2020

---



### Landbúnaður

---

1. Íslensk garðyrkja eflid til muna með auknum fjárveitingu
  2. Aukin þjónusta og ráðgjöf til bænda vegna COVID-19
  3. Tilfærslur á greiðslum samkvæmt gildandi búvörusamningum innan ársins 2020
  4. Afurðatjón vegna COVID-19 skráð
  5. Tryggja greiðslur til einstaklinga sem sinna afleysingarþjónustu fyrir bændur
  6. Mælaborð fyrir landbúnaðinn til að bæta framsetningu gagna um landbúnaðarframleiðsluna, birgðir og framleiðsluspár
  7. Óskað eftir liðsinni dýralækna í bakvarðasveit
  8. Ráðstafanir til að stuðla að ræktun iðnaðarhamps hér á landi
- 



### Sjávarútvegur og fiskeldi

---

9. Komið til móts við grásleppusjómenn sem lenda í sóttkví eða einangrun varðandi lengd veiðitímabilsins
  10. Afgreiðslu rekstrarleyfa í fiskeldi flýtt og eftirlit og stjórnábyrgð styrkt
  11. Aukið fjármagn í hafrannsóknir
  12. Aukið svigrúm til að flytja aflaheimildir milli fiskveiðiára
  13. Árskvótar deilistofna uppsjávarfisks gefnir út
- 



### Almennar aðgerðir

---

14. Fallið frá áformum um 2,5% hækkun á gjaldskrá Matvælastofnunar til 1. september 2020
15. Ráðstafanir til að tryggja áframhaldandi starfsemi fyrirtækja í matvælaframleiðslu vegna samkomubanns o.fl.

---

# Samantekt um starfsemi ráðuneytis

---



## Tölfræði um starfsemi ráðuneytisins 2020

---

**60.317**

ný mál í málaskrá

**27.890**

tölvupóstar

**39.250**

ný skjöl í málaskrá

**42**

mál í Samráðsgátt

\*Tölurnar eru sameiginlegar fyrir allt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tók formlega til starfa 4. september 2012 við sameiningu þriggja ráðu-neyta; efnahags- og viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Tveir ráðherrar fara með málaflokka ráðuneytisins, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Skrifstofur ráðuneytisins eru sjö, fimm fagskrifstofur, skrifstofa ráðuneytisstjóra og ein stoðskrifstofa sem starfar þvert á ráðuneytið. Fagskrifstofur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eru þrjár; skrifstofa landbúnaðarmála, skrifstofa sjávarútvegsmála og skrifstofa matvælaöryggis og fiskeldis. Hlutverk fagskrifstofanna er að sjá til þess að ávallt sé faglega unnið að undirbúningi mála og að þekking starfsmanna sé nýtt og henni viðhaldið. Fagskrifstofurnar bera ábyrgð á lagamma og regluverki þeirra málaflokka sem eru á þeirra forræði, í samræmi við stofnanir ráðuneytisins. Stofnanir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eru fjórar talsins.

Tvö málefnasvið eru á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en það eru málefnasvið 12 Landbúnaður og málefnasvið 13 Sjávarútvegur og fiskeldi. Einnig fer sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með hluta málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar,

málefnasviðs 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnu- mála og nýsköpunar og málefnasviðs 21 Háskólastig. Fjölbreytt verkefni voru unnin á málefnasviðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á árinu 2020 er miðuðu að því að styðja við þau markmið sem skilgreind voru fyrir árið 2020. Meðal helstu verkefna eru eftirfarandi:

Á sviði landbúnaðarmála var á árinu 2020 unnið að fjölbreyttum verkefnum til eflingar íslenskum landbúnaðar. Kynnt var matvælastefna fyrir Ísland sem ætlað er að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku til að stuðla að aukinni verðmætasköpun í matvælaframleiðslu hér á landi, tryggja matvælaöryggi og auka velferð fólks í sátt við umhverfi og náttúru. Áfram var unnið að mótun fyrstu landbúnaðarstefnu Íslands sem miðar meðal annars að því að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum auk þess sem tryggð verði byggðafesta með nýtingu tækifæra í krafti nýsköpunar og vöruþróunar sem taki mið af grænum lausnum, matarmenningu og sjálfbærni. Áfram var unnið að einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings með áherslu á skilvirka og réttláta stjórnsýslu. Frumvarp var samþykkt á vormánuðum þar sem 33 lagabálkar voru felldir brott, nefndum fækkað og stjórnsýsla einfölduð. Vorið 2020 var settur á fót nýr Matvælasjóður sem hefur það hlutverk að styrkja verðmætasköpun við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi. Tryggðir voru viðbótarfjármunir við úthlutun sjóðsins sem var liður í aðgerðum hins opinbera til örvarunar hagkerfisins í kjölfar heimsfaraldurs.

Á árinu var gripið til ýmissa aðgerða til að mæta áhrifum heimsfaraldurs á íslenskan landbúnað. Í mars 2020 kynnti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra aðgerðaáætlun sem miðaði að því að lágmarka neikvæð áhrif heimsfaraldurs og um leið skapa öfluga viðspyrnu

þegar ástandið er gengið yfir. Meðal aðgerða var efling íslenskrar garðyrkju með auknum fjármunum og tilheyrandi fjárfestingum í greininni. Lokið var við endurskoðun samnings um starfsskilyrði garðyrkju og tryggt 200 milljón króna fjárveiting til ársins 2026 til eflingar greinarinnar. Markmið samkomulags um endurskoðun samningsins eru meðal annars að því að auka framleiðslu á íslensku grænmeti um 25% á næstu þremur árum og stuðla að framþróun og nýsköpun í greininni. Auk þess var tryggt fjármagn til veitingar sérstakra styrkja til nýrra ræktunaraðferða í grænmetisframleiðslu. Þá var tryggt fjármagn til að koma á fót mælaborði landbúnaðarins, sem er stafrænn vettvangur þar sem upplýsingar um landbúnað og matvælaframleiðslu eru aðgengilegar á einum stað og birtar á gagnvirkan hátt. Vegna óvenju mikilla kal- og girðingatjóna var tryggt aukið fjármagn til Bjargráðsajóðs og 500 milljónum veitt aukalega í sjóðinn á árinu. Við afgangið til fjárlaga 2021 í lok árs var ákveðið að verja 970 milljónum króna til að koma til móts við skaðleg áhrif Covid19 á íslenska bændur að tillögu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Í upphafi árs var Sýklalyfjaónæmis- og formlega stofnaður í samvinnu við heilbrigðisráðherra. Tilgangur sjóðsins er að fjármagna verkefni undir formerkjum „Einnar heilsu“ í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi. Sjóðurinn styrkir grunnrannsóknir í sýklalyfjaónæmi, auk þess að greiða fyrir skimun og vöktun á sýklalyfjaónæmi í dýrum, matvælum, umhverfi og fóðri. Þá er það einnig hlutverk sjóðsins að fjármagna umframkostnað vegna rannsókna í almannabágu í því skyni að rekja uppruna sýkla sem dreifast á milli manna og dýra í þeim tilvikum þegar upp koma hópsýkingar eða faraldrar en stór hluti sýkinga hjá mönnum og dýrum er tilkominn vegna þeirra.

Samráðshópur um betri merkingar á matvælum skilaði tillögum á árinu 2020. Í þeim felast meðal annars leiðir til að bæta skilyrði og stöðu neytenda til að taka meðvitaða og upplýsta ákvörðun varðandi uppruna matvæla, auka ráðgjöf og bæta leiðbeiningar varðandi notkun þjóðfána á matvælum og að stjórnvöld stuðli að því að hægt verði að nota nýjar tæknilausnir til að geta stórukið upplýsingagjöf til neytenda. Á árinu voru gerðir nokkrir samningar sem hafa það að markmiði að styrkja íslenska matvælaframleiðslu og styrkja stöðu íslenskra matvæla á markaði. Må þar nefna samning um tilraunaverkefni um heimaslátrun, verkefnið var framkvæmt haustið 2020 og tóku alls 25 býli í öllum landshlutum þátt í verkefninu. Í kjölfar verkefnisins var sett reglugerð sem heimilar slátrun sauðfjár og geita í litlum sláturhúsum og sölu afurðanna á markaði. Þá var gerður samningur við Klúbb matreiðslumeistara og Íslensku Bocuse d'Or Akadémían um að kynna íslenskt hráefni á erlendri grund og styrkja ímynd Íslands sem mataráfangastaðar auk þess að efla vöruþróun, nýsköpun og fagþekkingu í matvælagreinum. Þá var einnig gert samkomulag um aðkomu ráðuneytisins að verkefninu Orkídea. Markmið þess er að auka verðmæta-sköpun í matvælaframleiðslu með umhverfsvænni orkunýtingu.

Undir lok árs 2020 greindist riðuveiki í fé á fimm búum í Skagafirði og síðar einu búi í Húnaþingi vestra. Í samræmi við 8. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim lagði yfirdýralæknir f.h. Matvælastofnunar til niðurskurðar á öllu fé á búunum auk hreinsunar útihúsa og umhverfis þeirra. Í framhaldinu fyrirskipaði ráðuneytið niðurskurð alls fjár á búunum, samtals um 3100 gripi ásamt hreinsun húsa og umhverfis auk förgunar og eyðingar riðusmitaðs úrgangs í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 651/2001, um útrýmingu riðuveiki



og bætur vegna niðurskurðar. Gerðir voru samningar við bændur á búunum á grundvelli reglugerðarinnar þar sem m.a. er kveðið á um greiðslu bóta. Auk þess voru felldir 163 gripir í því skyni að kanna frekari útbreiðslu á riðuveiki. Þá gerðu ráðuneytið, Bændasamtök Íslands og viðkomandi sveitarfélög samning við sálfræðing sem bauð heimilisfólki á búunum upp á sálfræðipjónustu. Slíkur samningur er sá fyrsti sinnar tegundar. Unnið er að endurskoðun á regluverkinu. Á árinu 2020 var á sviði sjávarútvegs unnið að því að styrkja grundvöll sjálfbærrar nýtingar lifandi sjávarauðlinda með endurskoðun á stjórnsýslu og reglum. Ný aflaregla fyrir ýsu kom til framkvæmda á árinu 2020 og unnið var að endurskoðun aflareglu fyrir þorsk. Verkefna-stjórn um bætt eftirlit Fiskistofu skilaði skýrslu á sumarmánuðum og á grundvelli þeirra tillagna var unnið að frumvarpi til laga sem hefur að markmiði á auka skilvirkni og árangur eftirlits.

Töluvert var unnið að einföldun regluverks lauk átaki til að einfalda reglur um svæðalokanir og veiðarfæratakmarkanir, þar var reglugerðum á sviði sjávarútvegs- og fiskeldis fækkað um 85. Einnig voru samþykkt tvö frumvörp, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um einföldun regluverks, og með þeim voru alls 33 lagabálkar felldir brott í heild sinni, fimm stjórnsýslunefndir lagðar niður og stjórnsýsla og regluverk á málefnasviðum ráðherra einfölduð töluvert.

Alþjóðlegar samningaviðræður tengdar sjávarútvegi báru þess merki að ferðatakmarkanir voru í gildi og reyndust fjölþjóðlegir fjarfundir margra ríkja þar sem ákvarðanir eru teknar um flókin mál þungir í vöfum og tímafrekir og mörg mál bíða afgreiðslu.

Í framhaldi af samþykkt laga um breytingar á lögum um fiskeldi á árinu 2019 var unnið að bættri stjórnsýslu, eftirliti og upplýsingagjöf í fiskeldi á árinu 2020 með útgáfu á nýrri reglugerð um fiskeldi og reglugerð um útboð eldissvæða, auk staðfestingu ráðherra á tillögu Hafrannsóknastofnunar á áhættumati erfðablöndunar. Einnig var frumvarp um vannýttan lífmassa í fiskeldi lagt fram síðla hausts 2020. Vinna við gerð mælaborðs fiskeldis til að bæta upplýsingagjöf í fiskeldi hófst á árinu 2020.

Ráðuneytið sinnti ýmsum öðrum verkefnum á sviði sjávarútvegs og fiskeldis og má þá nefna að frumvarp sem miðar einkum að því að styrkja minnihlutavernd í veiðifélagi var endurflutt og að ráðuneytið tók þátt í vinnu vegna grænna skrefa í sjávarútvegi sem hófst á árinu 2020.

Í tengslum við sérstakt fjárfestingaáttak ríkisstjórnarinnar kom sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á fót 9 framþróunarverkefnum með undirstofnunum sem hófust haustið 2020 og var góður gangur í verkefnum.

## Rekstur og fjárfestingar


Verkefni á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilheyra fimm málefnasviðum. Ráðherra fer einn með forræði tveggja málefnasviða, þ.e. **12** Landbúnaður og **13** Sjávarútvegur og fiskeldi, en að hluta til með forræði málefnasviðs **7** Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, málefnasviðs **16** Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar og málefnasviðs **21** Háskólastig.

Raunútgjöld verkefna á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra námu 23.737,1 m.kr. árið 2020 en á mynd 1 má sjá skiptingu útgjalda eftir málefnasviðum.

## Rekstrargjöld og fjárfestingar 2020

### Raun útgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar



Mynd 1. skipting útgjalda eftir málefnasviðum





Til málefnasviðs **7** Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar heyra Framleiðisjóður landbúnaðarins, AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi og Matvælasjóður undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Útgjöld sjóðanna námu samtals 639,6 m.kr. á árinu 2020.

Raunútgjöld málefnasviðs **12** Landbúnaður námu 16.877,6 m.kr., þar af 14.687,5 m.kr. vegna samninga um starfsskilyrði nautgriparæktar og sauðfjarræktar, samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins auk þeirra framlaga til ýmissa samninga og verkefna, s.s. varna gegn dýrasjúkdómum.

Raunútgjöld málefnasviðs **13** Sjávarútvegur og fiskeldi námu 4.771,1 m.kr. Undir málefnasviðið falla ýmis verkefni og samningar í sjávarútvegi og fiskeldi, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

Á málefnasviði **16** Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnu- mála og nýsköpunar fer ráðherra með málefni sem snúa að starfsemi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, s.s. húsnæðismál o.þ.h., og voru útgjöld um 1.246,2 m.kr.

Á málefnasviði **21** Háskólastig heyra rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og voru útgjöld samtals 202,6 m.kr.

---

# Málefnasvið

---

## Málefnasvið

Rekstrarútgjöld verkefna á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra námu 23.737,1 m.kr. en til ráðstöfunar á árinu voru 24.562,3 m.kr. að viðbættri ónýtri fjárheimild frá fyrra ári 1.634,2 m.kr. Á töflu 1 má sjá rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka.

**Tafla 1.** Rekstur málefnasviða og málaflokka

Málaflokkar - rekstur	Raunútgjöld	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Frávik %
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b>	<b>639,6</b>	<b>887,5</b>	<b>247,9</b>	<b>27,9%</b>	<b>73,1</b>	<b>321,0</b>	<b>33,4%</b>
0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	639,6	887,5	247,9	27,9%	73,1	321,0	33,4%
<b>12 Landbúnaður</b>	<b>16.877,6</b>	<b>17.040,4</b>	<b>162,8</b>	<b>1,0%</b>	<b>263,0</b>	<b>425,7</b>	<b>2,5%</b>
1210 - Stjórnun landbúnaðarmála	16.174,9	16.295,9	121,0	0,7%	170,7	291,7	1,8%
1220 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum	702,7	744,5	41,7	5,6%	92,3	134,0	16,0%
<b>13 Sjávarútvegur og fiskeldi</b>	<b>4.771,1</b>	<b>5.243,9</b>	<b>472,8</b>	<b>9,0%</b>	<b>1.146,8</b>	<b>1.619,6</b>	<b>25,3%</b>
1310 - Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	1.323,4	1.306,9	-16,6	-1,3%	593,6	577,1	30,4%
1320 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	3.447,7	3.937,0	489,4	12,4%	553,2	1.042,5	23,2%
<b>16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála</b>	<b>1.246,2</b>	<b>1.180,9</b>	<b>-65,3</b>	<b>-5,5%</b>	<b>151,4</b>	<b>86,1</b>	<b>6,5%</b>
1620 - Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar	1.246,2	1.180,9	-65,3	-5,5%	151,4	86,1	6,5%
<b>21 Háskólastig</b>	<b>202,6</b>	<b>209,6</b>	<b>7,0</b>	<b>3,3%</b>	<b>0,0</b>	<b>7,0</b>	<b>3,3%</b>
2120 - Rannsóknastarfsemi á háskólastigi	202,6	209,6	7,0	3,3%	0,0	7,0	3,3%
<b>Samtals</b>	<b>23.737,1</b>	<b>24.562,3</b>	<b>825,2</b>	<b>3,4%</b>	<b>1.634,2</b>	<b>2.459,5</b>	<b>9,4%</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

### Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál

Á málefna sviði 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra forræði yfir Matvælasjóði sem var stofnaður á árinu og hefur það hlutverk að styrkja nýsköpun á sviði matvæla. AVS rannsóknarsjóður í sjávarútvegi og Framleiðnisjóður landbúnaðarins runnu inn í nýjan Matvælasjóð og tók sjóðurinn við skuldbindingum þeirra.

Til ráðstöfunar voru alls 887,5 m.kr. á árinu 2020 að viðbættri óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 73,1 m.kr. og rekstrargjöld námu alls 639,6 m.kr. og uppsafnað frávík því 321 m.kr. Frávikið skýrist að mestu leyti af 248,8 m.kr. afgangi af útgreiðslum styrkja úr Matvælasjóði þar sem gjaldfærslan færðist yfir á 2021. Auk þess var afgangur af AVS rannsóknarsjóði 68,2 m.kr.

### Landbúnaðarmál

Starfsemi á málefna sviði 12 Landbúnaður er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og skiptist í tvo málaflokka, 12.1 Stjórnun landbúnaðarmála og 12.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum. Undir málefna sviðið fellur starfsemi Matvæla- stofnunar, búvöru- og búnaðarlagasamningar, greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum, Bjargráðasjóður og ýmsir samningar og verkefni í landbúnaði, m.a. Matarauður Íslands og hagrannsóknir í landbúnaði.

Til ráðstöfunar voru alls 17.040,4 m.kr. á árinu 2020 að viðbættri óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 263 m.kr., rekstrargjöld námu 16.877,6 m.kr. og uppsafnað frávík því 425,7 m.kr. eða 2,5%.


### Sjávarútvegur

Starfsemi á málefna sviði 13 Sjávarútvegur og fiskeldi er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og skiptist í tvo málaflokka, 13.1 Stjórnun fiskveiða og fiskeldis og 13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi. Á málefna sviðinu eru þrjár stofnanir, Fiskistofa, Verðlagsstofa skiptaverðs og Hafrannsóknastofnun, og fjórir sjóðir, Fiskræktarsjóður, Umhverfissjóður sjókvíaeldis, Verkefna- sjóður sjávarútvegsins og sjóður til síldarrannsókna, auk ýmissa samninga og verkefna, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

Til ráðstöfunar voru alls 5.243,9 m.kr. á árinu 2020 að viðbættri óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 1.146,8 m.kr., rekstrargjöld námu 4.771,1 m.kr. og uppsafnað frávík því 1.619,6 m.kr. eða 25,3%. Frávikið skýrist að stórum hluta af uppsafnaðri stöðu hjá Verkefnasjóði sjávarútvegsins 642,4 m.kr., Fiskræktarsjóði 474 m.kr. og Sjóði til síldarrannsókna hins vegar 238,7 m.kr. Auk þess var afgangur af liðnum Bygging hafrannsóknarskips 278 m.kr. þar sem verkið hefur frestast. Loks var afgangur af rekstri Fiskistofu um 86,7 m.kr. en á móti var uppsafnað tap hjá Hafrannsóknastofnun 173,1 vegna ársins 2018 en áætlun er um að stofnunin vinni þetta tap niður á nokkrum árum.

### Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnamála

Á málefna sviði 16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnamála heyrir megnið af málaflokki 16.2 Stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þeim málaflokki tilheyrir rekstur aðalskrifstofu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem og rekstur húsnæðis að Skúlagötu 4.







### Háskólastig

Á málefnasviði 21 Háskólastig ber sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ábyrgð á háskólum í þágu landbúnaðar.

Til ráðstöfunar voru alls 209,6 m.kr. á árinu 2020, rekstrargjöld námu 202,6 m.kr. og uppsafnað frávik því 7 m.kr.

Sett voru fram x markmið á málefnasviðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020 og til að styðja við þau markmið voru x aðgerðir skilgreindar. Á mynd 2 má sjá samantekt á stöðu þeirra aðgerða en nánar verður fjallað um þær í næsta kafla.



---

# Málaflokkar

---



# Málaflokkar

## Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er skipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem eru á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Stöðumat er birt og þær aðgerðir tíundaðar sem styðja við viðkomandi markmið á árinu. Notaður er litakvarði til að sýna stöðu hvorrar aðgerðar, sbr. meðfylgjandi töflu:

- **Aðgerð lokið**
- **Aðgerð vel á veg komin**
- **Aðgerð hafin**
- **Undirbúningur hafinn**
- **Aðgerð ekki hafin**

## 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

**Markmið 1:** Samkeppnishæf rekstrarskilyrði.

### Mælikvarðar

Árleg raunaukning búgreinatekna að meðaltali.

Framlegð á hvert starf í landbúnaði.

Markmiðið felur í sér viðmið um samkeppnishæf rekstrarskilyrði og tengist heimsmarkmiði 8 um góða atvinnu og hagvöxt.

### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

### Framkvæmt 2020

Endurskoða búvörusamninga.

- Endurskoðun samnings um starfsskilyrði í garðyrkjurækt lokið á vormánuðum 2020. Endurskoðun á samningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins fór fram á árinu 2020 og lauk með undirritun samkomulags í febrúar 2021. Þar með er fyrri endurskoðun búvörusamninga lokið.

Endurskoða löggjöf um matvælaeftirlit og dýraheilsu.

- Undirbúningur hafinn.

Innleiða sérstaka aðlögunarsamninga um nýja starfsemi til sveita.

- Aðlögunarsamningar í sauðfjárrækt innleiddir. Starfshópur að störfum til að yfirfara hugmyndir um aðlögunarsamninga í nautgriparrækt.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Markmið 2: Árlegur samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda.

### Mælikvarði

Losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi landbúnaðar, mæld í þúsundum tonna af CO<sub>2</sub>-ígildum.

Markmiðið byggist á grunni Parísarsamkomulagsins þar sem töluleg viðmið um skuldbindingar samningsríkja koma fram. Markmiðið tengist heimsmarkmiði 13 um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.

### Aðgerðir sem styðja við markmið 2

### Framkvæmt 2020

Móta og framfylgja heildstæðri áætlun um vöktun og ábyrga nýtingu lands.

- Í júní voru kynntar niðurstöður í verkefninu GróLind á annars vegar stöðumati á ástandi á landi og hins vegar kortlagning beitolanda sauðfjár. GróLind er samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands, Landgræðslunnar og Landsamtaka sauðfjár-bænda. Markmið verkefnisins er tvíþætt, annars vegar að skila með reglubundnum hætti heildarmati á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda landsins og gera grein fyrir breytingum þar og að þróa sjálfbærnivísa fyrir nýtingu gróður- og jarðvegsauðlinda landsins.

Móta aðgerðir og hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

- Í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum eru fimm aðgerðir sem miða að því að draga úr losun frá landbúnaði. Verkefnisstjórn, skipuð fulltrúa ANR, UAR og Bændasamtaka Íslands vinnur að því að framfylgja aðgerðunum fimm. Loftlagsvænn landbúnaður er verkefni sem fór af stað í febrúar 2020 og er ein af þessum aðgerðum. Unnið hefur verið að því að útvíkka verkefnið frekar með það að markmiði að það standi til boða fyrir alla bændur. Við endurskoðun á búvörusamningunum var sett aukin áhersla á loftlagsmál. Sett hafa verið markmið að íslenskur landbúnaður verði að fullu kolefnisjafnaður eigi síðar en árið 2040.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

---

**Markmið 3:** Heilnæm matvælaframleiðsla.

---

**Mælikvarði**

---

Hlutfall jákvæðra sýna.

---

Markmiðið felur í sér að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum og móti sér heildstæða matvælastefnu fyrir hag neytenda og framleiðenda.

---

**Aðgerðir sem styðja við markmið 3**

Þróa gagnagrunna og rafrænar lausnir til að bæta stjórnun, skráningu búfjársjúkdóma og tryggja rekjanleika afurða.

**Framkvæmt 2020**

- Vinna við gerð nýs gagnagrunns sem m.a. heldur utan um gögn er varða sýnatökur opinberra eftirlitsaðila er hafin en markmið þeirrar vinnu er að tryggja matvælaöryggi enn frekar á Íslandi.

Í desember 2019 var gerður samningur við Matvælastofnun þar sem stofnuninni var m.a. falið að uppfæra gagnagrunninn Heilsu þar sem skylt er að skrá sjúkdómsgreiningar og upplýsingar um lyfjameðhöndlun dýra. Með samningnum var stofnuninni falið að uppfæra gagnagrunninn þannig að fleiri dýrategundir falli þar undir, þ.e. nautgripir, hross, sauðfé, svín, alifuglar, eldisfiskur, loðdýr og gæludýr.

---

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið



## 12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

**Markmið 1:** Aukin nýsköpun í virðisikeðju matvælaframleiðslu.

### Mælikvarðar

Fjöldi umsókna vegna nýsköpunarverkefna.

Markmiðið miðar að aukinni fjárfestingu í rannsóknar- og þróunarverkefnum í landbúnaði og hagnýtingu niðurstaðna til að auka arðsemi, samkeppnishæfni og gæði í framleiðslu. Það tengist heimsmarkmiði 9 um nýsköpun og uppbyggingu.

### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Koma á fót öflugum sjóði sem styrkir nýsköpunar- og þróunarverkefni í matvælaframleiðslu.

### Framkvæmt 2020

- Matvælasjóður var stofnaður haustið 2020. Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áherla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt. Fyrsta úthlutun sjóðsins fór fram í desember 2020 þar sem 62 verkefni hlutu styrk að fjárhæð allt að 480 milljónum.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## 13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis

**Markmið 1:** Sjálfbær og skilvirkur sjávarútvegur og fiskeldi.

### Mælikvarðar

Hlutfall af afla íslenskra skipa innan landhelgi, sem er úr stofnum sem eru metnir, gefin út ráðgjöf fyrir og henni fylgt.

Fækkun reglugerða um svæðalokanir og veiðarfæranotkun.

Sjóeftirlit og landeftirlit – þróun nýrra aðferða sem bæta skilvirkni.

Sjálfbær nýting auðlinda hafsins hefur lengi verið grundvöllur langtímavaxtar íslenska hagkerfisins, því er mikilvægt að umgjörð greinarinnar sé skilvirkt og stuðli að hagkvæmi. Í þessu skyni var endurskoðuð veiðistjórnun á grásleppu, sandkola og hryggleysingjum ásamt því að einfalda reglur um svæðalokanir og veiðarfæratáknin. Unnið var að framfylgd tillagna Verkefnastjórnar um bætt eftirlit Fiskistofu m.a. um fjareftirlit.

### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

### Framkvæmt 2020

Bætt stjórnábyrging, eftirlit og heilbrigðiskröfur í fiskeldi samkvæmt framlögðu frumvarpi 2019.

- Ný reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 gefin út í maí sem tekur á þessu máli. Verkefnastjórn og fjárveitingar vegna vinnu við mælaborðs fiskeldis sem hófst á árinu 2020.

Endurskoðun á reglum um svæðalokanir og veiðifæratáknin.

- Verkefni lauk á árinu 2020 með uppfærslu, sameiningu og brottfalli reglugerða.

Endurskoðun veiðistjórnar á tegundum utan aflamarkskerfis.

- Lokið vinnu við endurskoðun og frumvarp um breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja) lagt fram.

Eftirlit Fiskistofu endurskipulagt með áherslu á skilvirkni og árangur samkvæmt tillögum samráðshóps og verkefnastjórnar sem skilar tillögum á árinu 2019.

- Verkefnastjórn um bætt eftirlit Fiskistofu lauk störfum á árinu og í framhaldinu var unnið að breytingum á ýmsum lögum til að styrkja eftirlitsheimildir og einfalda og styrkja lagaumgærd eftirlits.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Markmið 2: Styrkja byggðafestuáhrif af aflaheimildum sem stjórnvöld úthluta.

### Mælikvarði

Ráðstöfun aflaheimilda sem stjórnvöld fara með og hvernig hún nýtist til byggðafestu og nýliðunar.

### Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Endurskoðun á ráðstöfun 5,3% aflaheimilda og byggðafestu.

### Framkvæmt 2020

- Vinnuhópur lauk störfum og unnið var að frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.) lagt fram á Alþingi.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Markmið 3: Sterk samkeppnisstaða sjávarafurða á alþjóðamarkaði.

### Mælikvarði

Ráðstöfun aflaheimilda sem stjórnvöld fara með og hvernig hún nýtist til byggðafestu og nýliðunar.

Íslenskar sjávarafurðir eru í harðri samkeppni á alþjóðlegum matvælamörkuðum og því miklir hagsmunir í húfi við að tryggja samkeppnisstöðu greinarinnar. Alþjóðlegar samningaviðræður tengdar sjávarútvegi liðu allmikið fyrir ferðatakmarkanir á árinu. Glögglega sýndi sig að illa hentar að ná samningum margra aðila þar sem miklir fjármunir eru í húfi á netfundum og margt bíður úrlausnar, ekki síst varðandi skiptingu deilistofna í NA-Atlantshafi. Mikilvægt er að taka virkan þátt í viðræðum um nýja samninga er snerta hafrétt og samningaviðræður um takmörkun á ríkisstyrkjum til sjávarútvegs á alþjóðavettvangi eru mikilvæg skref í að jafna samkeppnisstöðu sjávarafurða frá Íslandi á alþjóðamörkuðum.

## 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

### Markmið 1: Sjálfbær nýting fiskistofna.

#### Mælikvarðar

Hlutfall af afla íslenskra skipa innan landhelgi sem eru úr stofnum sem eru metnir og gefin út ráðgjöf fyrir.

Fjöldi aflareglna sem eru endurskoðaðar eða endurnýjaðar á hverju ári.

Stefna stjórnvalda er að stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna byggðri á bestu vísindalegri þekkingu og því er mikilvægt að sú þekking sé í sífelldri þróun, sérstaklega grunnupplýsingar um vistkerfi hafsins. Nú eru í gildi aflareglur fyrir nokkra mikilvægustu nytjastofna á Íslandsmiðum og stefnt að því að þær séu endurskoðaðar reglulega.

### Markmið 2: Sjálfbær nýting hafsvæða fyrir fiskeldi.

#### Mælikvarðar

Staða á þróun aðferða til að gera eldisfisk ófrjóan.

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Rannsóknir og þróun aðferða til að gera eldisfisk ófrjóan.

Burðarþolsmat og áhættumat fyrir fiskeldi, nýtt og endurskoðað eldra mat.

#### Framkvæmt 2020

- Sérstakt verkefni um framleiðslu á afkvæmalausum fiski með stýringu á genatjáningu er hafð. Bráðabirgðaniðurstöður 2020 varðandi bleikju gefa góða raun. Verkefni verður haldið áfram 2021.
- Með auglýsingu nr. 562/2020 um staðfestingu á áhættumati erfðablöndunar voru tillögur Haf-rannsóknastofnunar staðfestar af ráðherra í júní 2020. Ígildi aukningar hámarkslífsmassa frá eldra áhættumati er í raun 20%.  
Ráðherra hefur ekki óskað eftir burðarþolsmati fyrir ný svæði á árinu 2020.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

---

**Markmið 3:** Efling grunnrannsóknna.

---

**Mælikvarði**

---

Hlutfall hafsvæðis innan landhelgi þar sem hafsbótinn hefur verið kortlagður með fjölgeislamælingum.

---

Áfangar í hönnun og útboði á nýju hafrannsóknarskipi sem mun styrkja grunnrannsóknir á vistkerfi hafsins.

---

Grunnþekking á vistkerfi hafsins umhverfis landið er undirstaða sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Mikilvægt er að fylgjast með sveiflum í haffræðilegum og líffræðilegum þáttum í lífríkinu til að greina breytingar og horfur. Kortlagning hafsbotsins veitir mikilvægar grunnupplýsingar sem nýtast m.a. við verndun viðkvæmra vistkerfa á botninum og nýtt hafrannsóknaskip mun nýtast starfsemi Hafrannsóknastofnunar í öllum grunnrannsóknum.

---

**Aðgerðir sem styðja við markmið 3****Framkvæmt 2020**

---

Smíði á nýju hafrannsóknarskipi sem mun styrkja grunnrannsóknir á vistkerfi hafsins.

● Á áætlun.

---

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

---


**Frávíkagreining og yfirlit yfir árslokastöðu  
ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn**

---



## Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn

Á mynd 2 má sjá yfirlit yfir árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaíðum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins 2020 að viðbættum yfirfærðum höfuðstól frá árinu 2019.



Mynd 2. Frávikagreining.

Fjárhæðir í milljónum króna

## Fréttannaáall 2020 (janúar–apríl)

**7. janúar**

Almennur byggðakvóti fyrir fiskveiðiárið 2019/2020 nemur 5.374 þorskígildislestum.

[Nánar >](#)



**10. janúar**

Tillögur um skilgreiningu á tengdum aðilum í lögum um stjórn fiskveiða. [Nánar >](#)

**30. janúar**

ASÍ kannar verð á innlendum og innfluttum landbúnaðarvörum.

[Nánar >](#)

**14. janúar**

Áætlun hefur verið gerð til að fjölga starfsmönnum stofnana á landsbyggðinni sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. [Nánar >](#)



**21. janúar**

Fyrstu stuðningsgreiðslur ársins til sauðfjárbænda.

[Nánar >](#)



**16. janúar**

Kristján Þór fundaði með nýjum framkvæmdastjóra ESB á sviði umhverfis, hafs og fiskveiða.

[Nánar >](#)



**4. febrúar**

Sýklalyfjaónæmis- og súnusjódur stofnaður. [Nánar >](#)

**6. febrúar**

Kristján Þór fellir 144 reglugerðir úr gildi.

[Nánar >](#)



**21. febrúar**

Samningur við Landbúnaðarháskólann undirritaður.

[Nánar >](#)



**12. mars**

Einangrun fyrir hunda og ketti verður tvær vikur.

[Nánar >](#)

**2. mars**

Landbúnaðarstefna verður mótuð fyrir Ísland

[Nánar >](#)



**21. febrúar**

Skýrsla starfshóps um 5,3% aflaheimildir.

[Nánar >](#)



**20. mars**

Áhrif COVID-19 á íslenskan landbúnað og sjávarútveg rædd í ríkisstjórn.

**23. mars**

Vísindanefnd skipuð um áhættumat og burðarþolsmat.

**27. mars**

Aðgerðir til að mæta áhrifum COVID-19 á landbúnað og sjávarútveg.

[Nánar >](#)



**3. apríl**

Samningar fyrir íslenska hestinn undirritaðir.

## Fréttannaáall 2020 (apríl-september)

6. apríl

Skýrsla um vigtun sjávarafla.  
[Nánar >](#)

16. apríl

Ráðherra flýtir greiðslum til sauðfjárbænda vegna COVID-19.  
[Nánar >](#)

22. apríl

Matvælasjóður verður settur á fót.  
[Nánar >](#)

24. apríl

Ögmundur Knútsson skipaður Fiskistofustjóri.

24. apríl

Íslenskt- gjörð svo vel: Sameiginlegt átak stjórnvalda og atvinnulífsins.

14. maí

Ætla að auka framleiðslu á grænmeti um 25% á næstu þremur árum.



30. apríl

Kristján Þór fellir brott 34 laga-bálka, leggur niður 6 nefndir og einfaldar stjórnsýslu.



5. júní

Kristján Þór skipar stjórn Matvælasjóðs.

5. júní

Staðfestir nýtt áhættumat erfðablöndunar.



18. júní

Tilraunaverkefni um heimaslátrun hefst í haust.



10. júlí

Orkídeu ýtt úr vör.  
[Nánar >](#)



10. júlí

Skýrsla verkefnastjórnar um bætt eftirlit með fiskveiði-auðlindinni afhent ráðherra.

19. júní

40 milljónir til íslenskrar keppnismatreiðslu.



21. júlí

Hrönn Jörundsdóttir nýr forstjóri MAST.

9. september

Íslenskt – láttu það ganga.

11. september

Kristján Þór fundaði um fyrirkomulag loðnuleitar.

15. september

Björn og Hlédís stýra vinnu við mótun landbúnaðarstefnu.

16. september

Ráðherra afhentar tillögur um betri merkingar á matvælum.

## Fréttannaáall 2020 (september–desember)

**18. september**

Góð þátttaka í tilraunaverkefni um heimaslátrun sauðfjár.



**23. september**

263 umsóknir í Matvælasjóð.  
[Nánar >](#)



**2. október**

Matvælasjóður fær 250 milljón króna viðbótarframlag.

**6. nóvember**

Endurnýjaður samningur við Færeyjar um fiskveiðimál.

**27. október**

Riðuveiði í Skagafirði rædd í ríkisstjórn.  
[Nánar >](#)

**14. október**

Bjargráðasjóði verði tryggt fjármagn.

**13. október**

Ráðherra fellur frá gjaldskrárhækkun MAST.

**12. október**

Innanlandsvog 2020-2021.  
[Nánar >](#)

**6. nóvember**

Aðgerðir hafnar vegna riðuveiði í Skagafirði.  
[Nánar >](#)

**11. nóvember**

Endurskoðun hafin á reglum um riðu o.fl.  
[Nánar >](#)



**17. nóvember**

Ráðherra undirritaði nýjan þjónustusamning við Matís.

**26. nóvember**

Minnihlutavernd í veiðifélögum verði styrkt.

**10. desember**

Fyrsta matvælastefnan fyrir Ísland kynnt.  
[www.matvælastefna.is](http://www.matvælastefna.is)

**3. desember**

Skýrsla ASÍ um verðþróun á dagvörumarkaði.

**2. desember**

Miklar fjárfestingar í íslenskum nýsköpunar- og tæknifyrirtækjum á árinu 2020.  
[Nánar >](#)

**29. nóvember**

Ráðherra undirritar samning um sálrænan stuðning við bændur í Skagafirði.  
[Nánar >](#)

**27. nóvember**

Bjargráðasjóði tryggðar 500 milljónir vegna óvenju mikilla kal- og girðingatjóna.  
[Nánar >](#)



**16. desember**

62 verkefni hljóta styrk úr Matvælasjóði.



**18. desember**

120 m.kr. aukaframlag til loðnuleitar.  
[Nánar >](#)



